

BORGARRÁÐ 14. maí 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um leiðrétt gjöld vegna þjónustuskerðingar vegna COVID-19 - R20050249

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort Reykjavík hafi nú þegar leiðrétt gjöld vegna niðurfellingu eða skerðingar þjónustu leik- og grunnskóla og frístundaheimilis í Covid-19 aðstæðunum. Flokkur fólksins lagði til í upphafi faraldursins 26. mars að í þeim tilvikum sem börn geta ekki nýtt sér þjónustuna vegna sóttkvíar eða veikinda verða gjöld leiðrétt hlutfallslega. Vitað er að önnur sveitarfélög hafa nú þegar gert þessar leiðréttingar, en spurt er hvernig það gengur hjá Reykjavík? Er þessi ákvörðun komin í fulla framkvæmt? Ástæða spurningarinnar er að einhverjir foreldrar hafa sagt að þau hafi ekki fengið leiðréttinguna. Það á einnig við um sjálfstætt starfandi leikskóla sem hafa ekki allir fengið skýr svör.